

Tilgangur og gildissvið

Tilgangur með verklagsreglunni er að tryggja að farið sé að reglum um útgáfu gæðaskjala og að útgáfu gæðaskjala í gæðahandbók sé stýrt. Verklagsreglan gildir um öll skjöl sem gefin eru út í gæðahandbók Verkmennaskólans á Akureyri. Öll skjöl sem gefin eru út í gæðakerfi skólans eru endurskoðuð á minnst 2. ára fresti.

Ábyrgð

Skólameistari ber ábyrgð á gæðakerfi skólans og að unnið sé samkvæmt verklagsreglum þar sem það á við. Því samþykkir skólameistari eða staðgengill hans öll skjöl sem gefin eru út í gæðakerfi skólans.

Gæðaráði eru kynnt öll skjöl áður en þau eru birt.

Gæðastjóri stýrir og er ábyrgur fyrir vinnu við gæðaskjöl. Hann hefur umsjón með vinnu við gæðakerfi, uppfærslu á skjölum, og sendir skjöl í rýni til þeirra starfsmanna er mál varða hverju sinni og stýrir úrvinnslu athugasemda.

Höfundur verklagsreglunnar ber ábyrgð á að skrifa verklagsreglur sem falla undir sitt verksvið. Höfundur sér um að verklagsreglan sé uppfærð, henni viðhaldið og að unnið sé samkvæmt henni.

Aðrir starfsmenn skólans bera ábyrgð á að starfa samkvæmt verklagsreglunni.

Viðeigandi skrár

Gæðahandbók er vistuð í skjalakerfi skólans.

Stýring skjala í gæðakerfi

Framkvæmd (tengill mynd)

